



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

2205001 PD

Umsögn vegna umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheiðarlínu 1

Holtavörðuheiðarlína 1

Í umsögn umsagnaraðila skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Umhverfisáhrif eru metin í umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheiðarlínu 1 miðað við að um sé að ræða 220 kV línu en hún er í raun 400 kV lína, sjá kerfisáætlun Landnets síða 23. Háspennulínan er hönnuð þannig að hún beri 400 kV og fram kemur að áform eru um að nýta hana þannig ef þörf krefur. Ekki er lagður fram áætlaður rekstrartími línunnar þó að meta eigi áhrif línunnar á rekstrartíma. Bæði þessi atriði eru áskilin í reglugerð um umhverfismat, þ.e.a.s. að mannvirkinu sé lýst rétt og að rekstrartíma sé getið. Mannvirkið er algerlega ofvaxið miðað við þarfir þjóðarinnar og er ekki hægt að réttlæta með orkuskiptum. Enn fremur vantar í matsskýrsluna að gerð sé grein fyrir niðurrifi mannvirkisins þegar að þar að kemur en slíkar upplýsingar ber að gefa sbr. 15. gr. sömu reglugerðar. Það er mat sveitarfélagsins með hliðsjón af þessum þremur ofangreindum atriðum beri Skipulagsstofnun að vísa matskýrslu frá sbr. 24. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1 er til þess fallin að villa um fyrir almenningi og umsagnaraðilum.

Sigalda – Fljótsdalur.

Nokkrar 220 kV línur í meginflutningskerfinu eru hannaðar og byggðar (ýmist að öllu leyti eða að hluta) með tvöföldum leiðara og má þar nefna Sultartangalínur 2 og 3, Fljótsdalslínur 3 og 4 og Búrfellslínu 3A. Þær eru gjarnan kallaðar tvíleiðara-línur, þ.e. í hverjum fasa eru tveir leiðarar sem eykur flutningsgetu allt að tvöfalt. Tveir leiðarar hafa einnig minna viðnám en einn og minnka þar af leiðandi flutningstöp umtalsvert. Þær línur sem eru tvíleiðara í flutningskerfinu eru allar byggðar fyrir 400 kV spennustig en eru reknar á 220 kV. Þær eru því mun hærrí og breiðari en 220 kV lína þyrfti að vera með tvöföldum leiðara. Með tiltölulega lítilli útlitsbreytingu 220 kV línu er mögulegt að auka flutningsgetu röramastra línu (eins og hafa verið byggðar í KR3, KR4 og HS3) í tvíleiðara línu. Stálburðarvirki þeirra þyrfti að vera sterkara þar sem leiðarar línunnar eru tvöfalt þyngri.

Í ljósi vaxandi krafa sem gerðar eru til flutningsgetu meginflutningskerfisins í kjölfar orkuskipta og þess að full orkuskipti munu raungerast á rekstrartíma nýrrar kynslóðar byggðalínu er mikilvægt að vandað sé til verka við val á leiðara þeirra. Þess vegna hefur verið ákveðið að Holtavörðuheiðarlínur 1 og 3 verði byggðar með duplex leiðurum. Niðurstöður

Mynd 1. Kerfisáætlun Landsnets, síða 23 - skjáskot

Holtavörðuheiðarlína 1 (H1) er matskyld framkvæmd og í umhverfismatinu lagði Landsnet fram 12 valkosti að fyrirhugaðri línuleið og í umhverfismatsskýrslunni er lagt mat á áhrif valkosta á þætti er snerta umhverfi, samfélag, öryggi og hagkvæmni. Aðalvalkostur samanstendur af valkostum er fylgja Vatnshamralínu 1 og Hrutatungulínu 1 auk 5 valkosta er víkja aðeins frá þeirri leið. Aðeins einn

valkostur er til umhverfismats innan marka Skorradalshrepps og varðar tvær jarðir, þ.e. Efri- og Neðri Hrepp.

Í landi Neðri Hrepps fer H1 yfir óraskað samfelld votlendi sem er yfir 2 ha að stærð, og nýtur þar með verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Landið er afgirt og er nýtt til hrossabeitar frá júní fram í september. Landið er vel blautt og í því miðju dúar það undan fótum manns.

Andakíll er Ramsarsvæði og friðlýst sem búsvæði blesgæsar en fjöldi þeirra á fartíma er allt að 3.500 fuglar á svæðinu. Ný H1 verður í innan við 300 m fjarlægð frá umræddu Ramsarsvæði.

Í umhverfismatskýrslu H1 kemur fram að áflugshætta fer eftir legu raflína í landslagi og skörun raflína við farleiðir fugla, en erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að áflug er oft mjög bundið við farleiðir og að tíðni áflugs sé lítið utan þeirra. Líkur á áflugi eru meiri í opnu landslagi en á svæðum með trjágróðri eða mannvirkjum. Mynd 11.4 sýnir vel megin farleiðir gæsa í Borgarfirði og hvar tíðni yfirflugs er mest gagnvart núverandi byggðalínu í Andakíl. Rannsókn sem fól í sér að leita að dauðum eða særðum fuglum meðfram núverandi línu upplýsa okkur enn fremur að mesti fugl dauðu vegna áflogs er á sömu slóðum.

Í umhverfismatsskýrslu H1 kemur fram að meginreglan skal vera að notast sé við loftlínur. Þó skal meta hvort rétt sé að nota jarðstrengi á viðkomandi línu, eða á afmörkuðum köflum hennar, á grundvelli viðmiða sem réttlæta þá að dýrari kostur sé valinn:


- Innan skilgreinds þéttbýlis, sbr. skilgreiningu á þéttbýli í 2. gr. skipulagslaga.
- Við flugvöll þar sem sýnt er að loftlína geti haft áhrif á flugöryggi.
- Innan friðlands sem verndað er sökum sérstaks landslags.
- Innan þjóðgarðs.
- Innan friðlands sem er verndað af öðrum sökum, skv. 50. gr. laga um náttúruvernd.

Það er mat sveitarfélagsins að þar sem H1 er í nálægð við Hvanneyri sem er þéttbýli sbr. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og Ramsarsvæði Andakíls er ástæða til þess að finna aðra lagnaleið eða leggja H1 í jörðu á láglandi Andakíls um Breiðumýri. Rannsóknir umhverfismats á fuglalífi sýna óyggjandi að á þessu svæði þarf mikla aðgát og aðra nálgun en lagt er til af framkvæmdaraðila. Það skal bent á að mögulega er það vegna tilstilli núverandi byggðalínu og annarra háspennulína á svæðinu sem að Breiðumýri sem nýtur verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd hafi ekki verið skilgreind innan Ramsarsvæðis Andakíls, en farin var sú leið að láta Borgarfjarðarbraut afmarka svæðið. Breiðumýri í landi Neðri Hrepps uppfyllir tvö ofangreind viðmið en í flestum tilfellum ætti að nægja að uppfylla eitt af þeim og því réttlætir það að dýrari kosturinn sé valin með lagningu jarðstrengs eða farin önnur leið.

Það skal bent á að í umhverfismati láðist að meta ásýndarbreytingar og sjónræn áhrif frá íbúðarhúsi Neðri Hrepps í átt að nýrri H1. Bærinn er í ábúð og er í innan við 600 fjarlægð frá núverandi byggðalínu. Í kafla 14.4.2.1 kemur fram að Veiðihúsið við Andakílsá sem er í 700 m fjarlægð eru metin miðlungs áhrif og lítil til miðlungs áhrif við Ausu sem er í 1100 m fjarlægð. Í umsögn sveitarfélagsins um matslýsingu var lögð sérstök áhersla á að með landslagsgreiningu yrði sýnt fram á, á faglegan hátt, hvar möguleg lega Holttaheiðarlínu 1 gæti verið að teknu tilliti til umhverfisáhrifa á landslag, menningarverðmæta og jarðrækt innan jarðanna, en það var ekki gert. Það er ámælisvert að ásýndarbreytingar og sjónræn áhrif frá íbúðarhúsum Neðri Hrepps og Efri Hrepps séu ekki metnar. Einnig skal bent á að Landsnet fundaði með hreppsnefnd Skorradalshrepps þann 1. júlí 2024 þar sem bent var á þetta sérstaklega, sjá hjá lagða fundargerð. Sveitarfélagið óskar eftir að ofangreint verði lagað í umhverfismatsskýrslu og vægi áhrifa metin.

Í umsögn sveitarfélagsins um matslýsingu var einnig óskað eftir að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar yrði metið á þjóðleiðir og mikilvægar gönguleiðir í nágrenni framkvæmdarsvæðis, en það var ekki gert. Sveitarfélagið óskar eftir að umhverfisáhrifin verði metin og vísar í umsögn og hjá lögð gögn sveitarfélagsins um matslýsingu.

Í gildi er Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022 þar sem ekki er gert ráð fyrir ofangreindri framkvæmd en þar er engu að síður í gildi stefna um raflínur.



Í viðauka 1 með umhverfismatsskýrslu er fjallað um efnistökusvæði. Eitt efnistökusvæði er innan Skorradalshrepps og er nefnt Illasund og er nr. 54 í umhverfismatsskýrslu. Ekki er getið um í umhverfismatsskýrslu innan hverrar jarðar umrætt efnistökusvæði er. Staðsetning er sýnd á korti, án jarðamarka, hæðalína eða mikilvægra örnefna í grennd, en uppgefin austur og norður hnit í ISN93. Skorradalshreppur gagnrýnir ógagnsæja framsetningu. Það er einungis á færi sérfræðinga að átta sig á staðsetningu efnistökusvæðis. Það er ámælisvert og ekki boðlegt. Á meðfylgjandi mynd er staðurinn sýndur inn á aðalskipulagsgrunni með rauðum punkti. Jarðamörk á milli Neðri og Efri Hrepps eru sýnd með blárrí brotalínu. Sveitarfélagið vill koma því á framfæri að mögulega er umrætt efnistökusvæði í nálægð við Hrafnagilsfoss. Það ber að taka tillit til þess í matinu og fjallað um það. Umhverfisáhrif efnistökusvæðis Illasunds er sagst hafa hærra verndargildi og hærri viðkvæmni því það eru óraskað. Ekki er hægt að sannreyna þá staðhæfingu í niðurstöðu matsins þar sem samantektargögn eru ekki lögð fram og undirstrikar það ógagnsæi matsins. Umrætt efnistökusvæði er ekki á

Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022. Efnistaka er framkvæmdaleyfis skyld skv. skipulagslögum 123/2010. Framkvæmdaleyfi er veitt á grundvelli aðalskipulags og kallar því á breytingu þess. Breyting á aðalskipulagi getur aðeins orðið með samráði við íbúa, sbr. 30. grein skipulagslaga og 78. grein stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Sveitarfélagið áréttar það sem kom fram í umsögn um matslýsingu og í áður nefndri hjálagaðri fundargerð að í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022 er lögð fram stefna um að: „Unnið verði að því að SU1 [Sultartangalína 1] verði aflögð, lögð samhlíða SU3 [Sultartangalínu 3], eða lögð í jörð, ef kemur til endurnýjunar á línunni.“ Í stefnunni kemur einnig fram að: „Núverandi háspennulínur draga úr náttúruupplifun fólks og gildi svæðisins vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa.“ Í aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir Holtavörðuheidalínu 1 og í ljósi ofangreindrar stefnu sveitarfélagsins er þörf á breytingu aðalskipulags með tilkomu Holtavörðuheidalínu 1. Enn fremur kemur fram í stefnu Aðalskipulags Skorradalshrepps 2010-2022 að: „Semja skal við landeigendur um helgunarsvæði nýrra rafveitna en einnig skal stefnt að samningum um eldri línur.“ Þetta þýðir að ný Holtavörðuheidalína 1 getur ekki komið inn á aðalskipulag fyrr en það er búið að semja við landeigendur um helgunarsvæði og eins lagnaleið. Þarna yrði helgunarsvæðið hnitsett og jafnvel gefið sér landnúmer, sem eigandi línunnar þyrfti að greiða af hugsanlega leigu til landeiganda og fasteignaskatt til sveitarfélagsins, þar sem hann yrði umráðandi landsins.

Sveitarfélagið vill áréttta mikilvægi þess að haft sé gott samráð við landeigendur við frekari hönnun línunnar, vegslóða og plön fyrir möstur og stagfestur. Landeigendur eru þeir sem þekkja landið best og geta leiðbeint fyrirtæki eins og Landsneti í því ferli. Þannig nást fram góð samlegðar áhrif og innviðir línunnar gætu nýst landeigendum í búrekstri.

Holtavörðuheildarlína 1 er matsskyld framkvæmd samkvæmt liðum 2.02 og 10.15 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru ávallt háðar framkvæmdaleyfi.

Hægt er að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags án deiliskipulagsgerðar eða grenndarkynningar, ef gerð er grein fyrir framkvæmdinni og fjallað ítarlega um hana í aðalskipulagi. Að öðrum kosti kallar veiting framkvæmdaleyfis á að jafnframt liggja fyrir deiliskipulag af viðkomandi svæði. Í þeim tilvikum sem veiting framkvæmdaleyfis kallar á gerð deiliskipulags getur hreppsnefnd þó veitt framkvæmdaleyfi án deiliskipulagsgerðar að undangenginni grenndarkynningu sé framkvæmdin í samræmi við aðalskipulag hvað varðar landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Sótt er um framkvæmdaleyfi hjá skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins. Gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar skal vera í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Skorradalur 22. nóvember 2024
Virðingarfyllst,



Pétur Davíðsson,
formaður skipulags- og byggingarnefndar

Hjálagt skjal:
Fundargerð hreppsnefndar og Landsnets þann 1. júlí 2024

Skorradalshreppur
Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri

05.07.24
2020-12-23.

Fundur Landsnets með hreppsnefnd Skorradalshrepps 01.07.24

Kynning Landsnets á aðalvalkosti fyrir Holtavörðuheiðarlínu 1

Fundur haldinn að frumkvæði Landsnets til að upplýsa hreppsnefnd Skorradalshrepps um niðurstöður umhverfismats fyrir Holtavörðuheiðarlínu 1 og aðalvalkost Landsnets.

Á fundinum voru:

Kristinn Magnússon, verkefnisstjóri, Landsnet
Ragnhildur Gunnarsdóttir, umhverfismatssérfræðingur, Landsnet
Kristín Jónsdóttir, hreppsnefnd Skorradalshrepps
Jón Einarsson, hreppsnefnd og oddviti Skorradalshrepps
Pétur Davíðsson, hreppsnefnd Skorradalshrepps
Sigurbjörg Áskelsdóttir, skipulagsfulltrúi Skorradalshrepps
Guðrún Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðjónsson, landeigendur Efra-Hreppi

Fundarpunktur, spurningar og umræður:

KM kynnir aðalvalkost Landsnets. Spurningar í kjölfar kynningar, þ.e. eftirfarandi:

- Gamla línan á Skarðsheiði – er ekkert minnst á hana í matinu?
- PD og JE: Endurnýjun Vatnshamralínu 2. Skv. PD og JE fengu þeir þá upplifun á kynningu fyrir sveitarstjórnnum og hagsmunaaðilum fyrir ári síðan á fundi á Hótel Hamri að þetta væri mótvægisáðgerð. Skipulagsfulltrúi og landeigendur Efra-Hrepps þá sem gestir á íbúakynningu fengu þá líka þá upplifun að þetta væri ákveðin mótvægisáðgerð.
- Samlegðaráhrif af því að leggja eldri línur í jörðu, sem væru þá jákvæð áhrif. Er fjallað um þetta í umhverfismatsskýrslu?
- JG: Á Akraneslína ekki að fara?
 - KM: *Samkvæmt Kerfisáætlun '23-'32 sem var kynnt á opnum fundi í 26. apríl '23 kom fram að í framhaldi af endurnýjun Vatnshamralínu 2 á 132kV, byggingu Akraneslínu 2 132kV og 132kV tengivirki við Akranes þá sé hægt að taka niður Vatnshamralínu 1. Þessi verkefni eru á 5-10 ára áætlun í Kerfisáætlun Landsnets. Þessar framkvæmdir eru ekki hluti af mótvægisáðgerðum fyrir HH1 vegna þess að þetta er háð öðrum mannvirkjum í svæðisbundna kerfinu á Vesturlandi sem þarf að taka tillit til.*
- SÁ: Áhrif efnistöku innan sveitarfélags
 - KM sýnir fundarmönnum á korti hvaða námur eru teiknaðar upp innan sveitarfélagsins. Ítarleg umfjöllun um efnistöku er í Umhverfismatsskýrslunni
- SÁ: Valkostgreiningin: Valkostur A, það kom ekki fram að hann lægi um sveitarfélagið Skorradalshrepp.
 - Í umfjöllun um valkost meðfram allri núverandi línuleið (A-B-C-D) kafli 3.1.1 er lýsing á leið þess valkosti öllum en ekki nefnd þau sveitarfélög sem hann fer um. Í framhaldi er fjallað um aðra valkosti eins og A1, B1, C1 og svo framvegis og þá eru nefnd sveitarfélög sem þessir valkostir eru staðsettir í, engir slíkir valkostir eru staðsettir í Skorradalshrepp og skýrir það að ekki hafi verið fjallað sérstaklega um valkosti í sveitarfélaginu.
- SÁ: Nefnir að það sé bagalegt, að aldrei hafi komið skýrt fram hjá Landsneti, hvoru megin við byggðalínuna HH1 ætti að liggja. PD: Gefa ásýndarmyndir rétta mynd af áhrifum þegar ekki er ljóst hvoru megin hún á að liggja?
 - **KM útskýrir að valkostir séu í raun hliðraðir um 50 m frá núv. byggðalínu, en það sé misjafnt eftir valkostum hvar þvera þarf byggðalínuna og því var á þeim tíma ekki hægt að segja nákvæmlega hvoru megin hún ætti að vera í hverju tilfalli.** Nú þegar aðalvalkostur liggur fyrir munu nánari útfærslur á línuleiðinn skýrast betur og er það gert í samráði við landeigendur

og aðra hagaðila í hverju tilfalli. RG útskýrir ennfremur, að rannsóknir (þ.m.t. ásýndarmyndir) séu unnar innan ákveðins beltis í kringum valkostina. Ef línán að endingu kemur til með að liggja utan slíks beltis er metið, í samráði við Skipulagsstofnun, hvort þörf sé á að meta áhrif línunnar á þeim stað fyrir ákveðna umhverfisþætti, t.d. ásýnd. PD bendir á það hefði átt að klára samtal við landeigandur áður en umhverfismat hefði verið gert. Skiptir miklu máli í matinu hvorum megin lína liggja við gömlu byggðalínuna, t.d. yfir Skarðsheiðina. Er byrjað á öfugum enda?

- SÁ: Er talað um möguleika á tvírása möstrum sem mótvægisáðgerðum í umhverfismatsskýrslunni?
 - RG og KM útskýra að í skýrslunni sé almenn umfjöllun um slíkt og að gerð hafi verið ákveðin greining á því, hvar mögulega yrði ávinningur af því að notast við slík möstur.
 - SÁ vill gjarnan vita hvað kom út úr þeirri greiningu sem unnin var.
 - RG útskýrir að nánari útfærsla á þessu atriði sem hluti af frekari hönnun línunnar.
- Umræða er um það með fundarmanna og KM og RG, hvort hægt sé að koma skýrt á framfæri áhrifum innan sveitarfélagsmarka, annað hvort í sér kafla í skýrslu eða minnisblaði til sveitarfélagsins.
 - RG nefnir að þetta atriði verði skoðað og nefnir að þetta gæti auðveldað sveitarfélagi (og mögulega íbúum) umsagnarferli og skoðun gagna á kynningartímabili umhverfismatsskýrslu.
- KJ telur mikilvægt, að leitað sé allra mögulegra lausna við staðsetningu línunnar. Ekki gangi að finna að öllum lausnum sem Landsnet leggur til og það verði að sætta sig við ákveðna skerðingu lands undir línunni – «öll þurfum við rafmagn».

Spurningar frá PD og JE um landbætur. PD er á því að LN verði að endurskoða hvernig bætur eru greiddar, það hljóti að vera hægt að greiða leigu af því landi sem landeigendur ekki geti nýtt undir línunni, þ.e. til annars en túnræktar og beitar. Minnt er á það í aðalskipulagi Skorradalshrepps, þá verði Landsnets að afmarka land undir línunna, stofna landnúmer og leiga það land síðan af landeigendum PD og JE hvetja forstjóra Landnets á að mæta á fund með Skorradalshreppi.

Að lokum er raflínuskipulag rætt.

- SÁ: Spyr um stöðu á raflínuskipulagsmálinu
- PD upplýsir að ekki sé komin beiðni um að skipa fulltrúa í nefndina og því hafi hann ekki verið skipaður enn. Ekki sé ágreiningur milli sveitarfélaga um verkefnið og því ætti ekki að þurfa að skipa nefndina.
 - KM: Málið er statt í innviðaráðuneytinu sem óskaði eftir afstöðu sveitarfélaganna. Öll sveitarfélögin hafa svarað ráðuneytinu og niðurstöðu er að vænta fljótlega skv. svörum ráðuneytisins við síðustu fyrirspurn Landsnets um stöðu málsins.
 - KM tekur undir að ekki sé komin formleg beiðni um að skipa fulltrúa í raflínunefnd, búið sé að upplýsa sveitarfélögin um beiðni um að stofna raflínunefnd hafi komið frá Landsneti.
 - KM: Tilgangur nefndarinnar er ekki eingöngu að úrskurða ef um ágreining milli sveitarfélaga er að ræða, heldur auka hagræði með því að samstilla ferli sveitarfélaga í umfjöllun um skipulagið og halda utanum um verkefnið með aðkomu Skipulagsstofnunar. Umsagnaraðilar veita umsögn við eitt skipulag í stað nokkurra og auknir möguleikar á betri samhljóm skilyrða og vöktunar í framkvæmdaleyfi.
 - KM upplýsir um að drög að reglugerð um breytingu á skipulagsreglugerð nr. 90/2013 <https://island.is/samradsgatt/mal/3751> hefði verið í samráðsgátt stjórnvalda og umsagnartími verið til 24.6.2024.

Virðingarfyllst

Kristinn Magnússon, verkefnisstjóri

